

Ed.

3. Frumvarp til laga

[3. mál]

um frídag sjómanna.

Flm.: Eiður Guðnason, Karl Steinar Guðnason, Stefán Benediktsson.

1. gr.

Fyrsti sunnudagur í júnímánuði ár hvert skal vera almennur frídagur íslenskra sjómanna. Sé fyrsti sunnudagur í júní hvítasunnudagur skal næsti sunnudagur þar á eftir vera frídagur sjómanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var flutt á 108. löggjafarþingi en varð þá eigi útrætt. Því fylgdi þá greinargerð sem efnislega var á þessa leið:

Íslenskir sjómenn helguðu sér fyrir allmörgum áratugum fyrsta sunnudag í júní og gerðu að sérstökum hátíðisdegi sínum. Þessi dagur hefur hins vegar ekki verið lögskipaður frídagur sjómanna og því ekki verið almennur frídagur stéttarinnar.

Það hefur lengi verið baráttumál sjómanna að þessi dagur yrði lögskipaður frídagur. Málinu var upphaflega hreyft á Alþingi 1984 og þá í formi fyrirspurnar til sjávarútvegsráðherra. Ráðherra var að því spurður hvort hann hygðist beita sér fyrir því að sjómanna dagurinn yrði lögskipaður frídagur og að það yrði á yfirstandandi þingi. Í svari sínu sagði sjávarútvegsráðherra m.a. orðrétt: „Ég hefi þrátt fyrir mínar yfirlýsingar ekki viljað beita mér fyrir því á þessu þingi að svo verði, en tel hins vegar sjálfsgagt að taka það upp á næsta þingi, enda er stutt eftir af þessu þingi og ekki öruggt að slíkt mál næði hér fram að ganga, nema mjög góð samstaða væri um það.“

Þegar fjórar vikur voru eftir af þingtímanum í fyrra og sá frestur var að renna út er þingmenn hafa skv. þingsköpum til að leggja fram ný mál án afbrigða fluttu ofanritaðir þetta mál á Alþingi, en það varð eigi útrætt.

Í umræðum um málið í fyrra kom réttilega fram sú ábending að gera yrði ráð fyrir því í frumvarpinu að hvítasunnudagur gæti verið fyrsti sunnudagur í júní og að frídagur sjómanna flyttist þá til. Tillit er nú tekið til þessa í 1. gr. frumvarpsins.

Í umræðum um mál þetta hefur því m.a. verið haldið fram að ekki sé unnt að lögbinda frídag sjómanna því ekki sé unnt að skipa öllum íslenskum farskipum að sigla til hafnar þann dag. Auðvitað hefur engum til hugar komið að stöðva siglingar íslenskra farskipa þennan dag, hvar svo sem þau væru stödd á heimshöfunum, en það á auðvitað ekki að koma í veg fyrir að frídagur sjómanna verði lögskipaður.

Flutningsmenn eru þeirrar skoðunar að með því að lögskipa sjómanna daginn sem frídag sé Alþingi fyrir þjóðarinnar hönd að sýna sjómannastéttinni heiður og virðingu sem raunar hefði átt að vera búið að gera fyrir löngu.